

Mál nr. 153/2012**M v/bifreiðar****og****Vátryggingafélagið X v/ábyrgðartryggingar atvinnureksturs vegagerðar (V)**

Ágreiningur um bótaskyldu vegna skemmda á bifreið þann 08.01. 2012 sem ekið var í holu (skemmd á vegi).

Gögn.

- 1) Málskot móttakið 03.04. 2012.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 16.04. 2012.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

M gaf skýrslu á lögreglustöð þann 13.01. sl. vegna tjóns á bifreið hans. Hann kvaðst hafa verið að aka vestur Arnarnesveg móts við Suðursali í Kópavogi. Hann telur að bifreiðin hafi farið ofan í holu á veginum. Hann telur að veghaldari eigi að bera ábyrgð á því tjóni sem varð á bifreiðinni sbr. umfjöllun í gögnum málsins.

Vátryggingafélagið hafnar bótaskyldu, tjónið á bifreiðinni verði ekki rakið til sakar af hálfu vátryggingartaka. V hafi gert ráðstafanir skömmu áður en tjónsatvikið varð. Búið var að koma fyrir 3 keilum á staðnum og merkja holuna auk þess sem uppfyllingarefni var komið fyrir en því hafði skolað smám saman uppúr og ekki skilað tilætluðum árangri. Félagið vísar til úrskurðar nefndarinnar í sambærilegu máli nr. 15/2009. Félagið telur að V hafi strax leitast við að bregðast við aðstæðum en vegna slæms veðurfars skilaði það ekki tilætluðum árangri þann daginn. Holan hafi ekki myndast vegna vanrækslu starfsmanna V hvað þá heldur að ekki hafi verið brugðist við í tæka tíð af hálfu starfsmanna V.

M telur bótaskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í málskotinu.

Álit

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum hefur ekki verið sýnt fram á bótaskyldu vegna þeirrar vátryggingar sem hér um ræðir. Ósannað er að V (vátryggingartaki) eða starfsmenn hans hafi sýnt vanrækslu er leitt getur til bótaábyrgðar, miðað við takmörkuð gögn máls þessa.

Niðurstaða.

Bótaskylda er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 15. maí 2012

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.